

Tillaga 1

Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 18. apríl 2024, þakkar:

- þeim sem stutt hafa starf félagsins á árinu meðal annars með þátttöku í starfinu og setu í stjórnnum, ráðum og nefndum.*
- stuðningsaðilum, fyrirtækjum, þjálfurum, iðkendum, foreldrum og öðrum sem unnið hafa að framgangi félagsins.*
- Sveitarfélaginu Árborg fyrir veittan stuðning við starfsemi félagsins.*

Tillaga 2

Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 18. apríl 2024, samþykkir að árgjald félagsins fyrir árið 2024 verði kr. 3.000 . Skráning í félagið skal vera aðgengileg í gegnum vefsíðu Umf. Selfoss.

Tillaga 3

Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 18. apríl 2024, lýsir ánægju sinni með það góða samstarf sem félagið á við Sveitarfélagið Árborg en þjónustusamningur aðila er grunnstoðin að faglegu starfi félagsins. Með samningnum er styrkum fótum skotið undir metnaðarfullt starf Umf. Selfoss, starf sem er beggja hagur að blómstri í sveitarfélaginu, samfélaginu til heilla. Sem fyrr er ljóst að rekstur meistaraflokka á Selfossi er afar viðkvæmur og því mikilvægt að sveitarfélagið í samvinnu við ungmennafélagið móti skýra framtíðarsýn um vöxt og viðgang meistaraflokka þar sem brugðið getur til beggja vona á stuttum tíma ef ekki er tryggt nægjanlegt fjármagn til grunnreksturs.

Tillaga 4

Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 18. apríl 2024, hvetur til þess að áfram verði haldið við að bæta íþróttaaðstöðu á Selfossi enda búa margar deildir félagsins að einhverju leyti við þröngan kost þegar kemur að æfingum og/eða keppni. Afar mikilvægt er að halda ótraud áfram við framkvæmdir við íþróttamannvirki á Selfossi og mun Ungmennafélag Selfoss hér eftir sem hingað til styðja við allar metnaðarfullar hugmyndir sveitarfélagsins í þá átt.

Tillaga 5

Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 18. apríl 2024, hvetur sem flesta til þess að taka þátt í sjálfbodaðastarfi, á einn eða annan hátt, hvort heldur er með þátttöku í stjórnnum, vinnu á mótum eða hverju öðru starfi deilda félagsins. Þátttaka sjálfbodaðra er undirstaða þess að starf félagsins gangi áfram eins vel og verið hefur hingað til.